

gæti þá kröfu gerðarpola, að ábyrgð hans sé ákveðin „pro rata“. Skipting taps og gróða í ákveðin hlutföll meðal félagsmanna verður að skoðast sem ákvæði, er snertir einungis afstöðu þeirra innbyrðis, enda liggur ekkert fyrir í málinu, sem bent gæti til annars en að ábyrgð allra félagsmanna sé bein og persónuleg.

Úrslit málsins fyrir réttinum verða þá samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga að öllu leyti. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. desember 1941.

Nr. 95/1941. **Adolph Bergsson** (Sjálfur)
gegn

Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur og
gagnsök (Guðmundur I. Guðmundsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Póknun fyrir öflun lánstilboðs.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. nóv. þ. á., krefst þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 13812.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 11. ágúst 1941, til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati hæstaréttar. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 14. nóv. þ. á., krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi og formaður gagnáfrýjanda virðast snemma á þessu ári hafa orðið á það sáttir, að aðaláfrýjandi aflaði tilboða um lán handa gagnáfrýjanda jafnframt tilraunum til útvegunar láns handa félagi því, sem aðaláfrýjandi svarar

fyrir. Þetta tókst aðaláfrýjanda, og samþykkti gagnáfrýjandi að taka tilboði í þessa átt, er fram kom fyrir atbeina aðaláfrýjanda. Formaður gagnáfrýjanda verður ekki talinn hafa haft næga ástæðu til þess að ætla, að aðaláfrýjandi ynni endurgjaldslaust að öflun lánstilboða til handa gagnáfrýjanda, og með því að gagnáfrýjandi gekk að tilboðinu og hagnýtti sér þannig verk aðaláfrýjanda, enda þótt tilboðsgjafi leysti gagnáfrýjanda síðar undan samþykki hans, þá verður að telja aðaláfrýjanda, sem ekki hefur atvinnu af málflutningsstörfum, eiga kröfu á hendur gagnáfrýjanda um sanningjarna þóknun fyrir starf sitt, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 2000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. ágúst 1941 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Um meðferð máls þessa í héraði er aðfinnsluvert, að hinn reglulegi dómari, sem síðar vék úr dómarasæti í málinu, hefur ekki ákveðið samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 er greinargerð samkvæmt 105. og 106. gr. sömu laga var komin fram, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega, að setudómariinn tók við framhaldsgreinargerð frá báðum aðiljum, og loks að ekki var ástæða til þess að hinn reglulegi dómari viki úr dómarasæti, þótt annar aðilja væri fulltrúi hans.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, greiði aðaláfrýjanda, Adolph Bergssyni, kr. 2000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. ágúst 1941 til greiðsludags og samtals kr. 500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað af Adolph Bergssyni, fulltrúa hér

í bæ, með stefnu útgefinni 4. sept. s. l. gegn stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur.

Stefnandi krefst, að stefnt Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur verði dæmt til þess að greiða sér kr. 35377.17 ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 11. ágúst s. l., til greiðsludags, og málskostnaði samkvæmt framlögðum reikningi. Til vara krefst hann upphæðar samkvæmt mati dómsins með vöxtum og kostnaði eins og áður segir.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Litlu fyrir eða eftir s. l. áramót hittust þeir stefnandi, sem er formaður byggingarsamvinnufélagsins Félagsgarður, hér í bæ, og formaður stefnda.

Bárust í tal möguleikar á því að breyta sterlingspundalánnum félaganna í önnur hagstæðari, og heldur stefnandi því fram, að formaður stefnda hafi beðið sig að athuga lánsmöguleika fyrir stefnda jafnframt því sem þeir væru athugaðir fyrir Félagsgarð. Kveðst stefnandi hafa tekið þetta að sér og reynt ýmsa möguleika, en árangurinn varð sá, að frá nafngreindum útgerðarmanni bárust báðum félögunum tilboð um lán, og var tilboðið til stefnda dags. 15. marz þ. á. og samþykkisfrestur tiltekinn til 1. apríl. Er upplýst, að tilboð þetta kom fram fyrir tilstilli stefnanda, þótt hans væri ekki getið þar.

Samkvæmt gerðabókum hins stefnda félags var rætt um það á stjórnarfundi 14. febrúar s. l. að fá innlent lán og segja upp ensku láni, er á félaginu hvílir, en engar ákvarðanir voru teknar.

17. marz var aðalfundur haldinn. Skýrði félagsstjórnin þar frá hinu framkomna tilboði, og samþykkti fundurinn mótaskvæðalaust heimild handa stjórninni til þess að taka tilboðinu. Viðaukatillaga var þó samþykkt síðar á fundinum þess efnis, að bindandi samningar yrðu ekki gerðir fyrr en samþykki meiri hluta húseigenda væri fengið. Formaður félagsins skýrði frá því á fundi þessum, að hann teldi litlar líkur til þess að betra lán fengist.

Á stjórnarfundi 24. marz var málið aftur rætt, en engar ákvarðanir teknar. 30. marz var enn haldinn almennur fundur húseigenda í félaginu, og félagsstjórn gefið umboð til þess að segja upp hinu erlenda láni félagsins og taka innlent lán í staðinn með þeim kjörum, er tilboðið greindi. Stjórnin samþykkti síðan hið framkomna tilboð, enda var það engan veginn óaðgengilegt. S/f Félagsgarður hafnaði aftur á móti tilboðinu til sín á síðustu stundu, að sögn stefnanda vegna þess, að á fundi þeim, er taka skyldi afstöðu til þess, kom fram munnlegt tilboð um betra lán, sem að vísu var ekki tekið. S/f Félagsgarður fékk þó síðar hagkvæmara lán. Urðu þá stefndu óánægðir með sitt lán, og fengu sig leysta frá samþykki sínu. Um sama leyti eða litlu síðar tókst þeim að fá betra lán, að

því er virðist hjá flestum hinum sömu útgerðarmönnum og stóðu að hinu fyrra láni. Stefndu hagnýttu sér þannig ekki beinlinis lánstilboðið, sem stefnandi útvegaði.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína með því, að formaður þeirra hafi ekki falið stefnanda neitt umboð til að útvega lán, og jafnvel þótt svo hefði verið, sé félagið ekki bundið, því formaðurinn hafi ekki haft neina heimild til þess.

Að því er það siðara snertir er það að visu rétt, að engin formleg samþykkt stjórnar eða félagsfundar var um þetta gerð fyrir en á aðalfundinum 17. marz. En það er ljóst, að félagsstjórnin er farin að ræða málið 14. febr. eða jafnvel fyrr, að því er ráða má af vottorði gjaldkera stjórnarinnar, og virðist þá eðlilegt, að formaður stjórnarinnar færi að leita eitthvað hófanna um lán. Gjaldkerinn viðurkennir að formaðurinn hafi, nokkru áður en tilboðið kom fram, skýrt sér frá samtali þeirra stefnanda þess efnis, að þeir athuguðu sameiginlega lánsmöguleika fyrir bæði félögin. Virðist gjaldkerinn ekkert hafa haft að athuga við þetta. Þá virðist og mega skoða samþykkt aðalfundarins 17. marz sem staðfestingu á því, sem gert hafði verið í málinu. Og breytir það engu, þótt ekki sé upplýst um, hvort frá því var skýrt á fundinum, að tilboðið væri komið fram fyrir milligöngu þriðja manns, því að fundarmenn höfðu í sjálfu sér enga ástæðu til þess að ætla, að lánið yrði útvegað félaginu að kostnaðarlausu.

Stefnda verður því talin bera ábyrgð á eðlilegum aðgerðum formanns síns í sambandi við útvegum tilboðsins, þar á meðal samning um hófleg umboðslaun.

Kemur þá til álita, hvort slíkur samningur hafi verið gerður við stefnanda beint eða óbeint.

Formaður stefndu hefur borið það fyrir rétti og unnið drengskaparheit að, að tilætlun hans samkvæmt samtalinu við stefnanda hafi verið sú, að þeir, hvor um sig, reyndu að útvega báðum félögum lán, en þetta hafi þó af sinni hálfu aðeins verið hugsað sem athugun á möguleikum, og hvorki hafi verið rætt um neina þóknun né sér komið þóknun til hugar, þar sem þeir voru formenn félaganna. Vitnið er mjög við málið riðið og verður því framburðurinn naumast metinn hlutlaus. Og nánari sönnun um, hvað á milli fór, hefur ekki fengist.

Ef formaður stefndu hefði sjálfur útvegað lán, mátti með nokkrum rétti gera ráð fyrir, að hann ætlaðist ekki til sérstakrar þóknunar.

En þegar hann eftir árangurslausar tilraunir sjálfs sín fær láns-tilboð fyrir tilverknað annars manns að undangengnu umtali um, að sá maður athugi lánsmöguleika, þá virðist samkvæmt eðli málsins ekki ástæða til að ætla, að slíkt tilboð sé útvegað kostnaðarlaust. Enn siður er ástæða til að ætla þetta, þegar milligöngumað-

urinn er lögfræðingur, því að alkunnugt er, að lögfræðingar fást mjög almennt við lánsútveganir í atvinnuskyni. En þannig var um stefnanda. Og þótt hann væri sem formaður í öðru félagi að reyna að útvega því félagi lán, var varla hægt að gera ráð fyrir, að hann útvegaði stefndu lán, án þess að fá nokkuð fyrir. Það hefði a. m. k. verið eðlilegra að sérstaklega hefði verið um slíkt rætt, en svo var ekki.

Stefnandi á því rétt á sanngjarnri þóknun fyrir útvegum tilboðsins, sem samþykkt var, og skiptir ekki máli, þótt stefndu hagnýttu sér ekki lánið beinlínis, því að þóknun stefnanda var áfallin, er tilboðið var samþykkt.

Að því er upphæðina snertir kemur ekki til mála, að aðalkrafa stefnanda verði tekið til greina. Hún er sýnilega ósanngjör. Þegar meta skal, hvað hæfilegt megi teljast, ber að hafa í huga upphæð þá, sem samþykkt var að taka, og fyrirhöfn stefnanda.

Að því er upplýst er í málflutningnum var samþykkt af hálfu stefndu að taka lán allt að t 25000—0—0, og ber að leggja þá upphæð til grundvallar, en hún nemur ísl. kr. 655500.00.

Fyrirhöfn stefnanda virðist aðallega hafa verið við útvegum á lánstilboði handa S/f Félagsgarður.

Samkvæmt framlögðu vottorði þess manns, er tilboðið gaf, talaði stefnandi fyrst við hann um lán handa S/f Félagsgarði, en litlu síðar — að því er virðist eftir að stefnandi talaði við formann stefndu — óskaði hann einnig eftir tilboði handa stefndu. Er ekki upplýst um aðra eða meiri fyrirhöfn hans fyrir stefndu sérstaklega. Stefnandi mun vera félagsmaður í Málflutningsmannafélagi Íslands, og samkvæmt gjaldskrá þess er greiðsla fyrir útvegum lána 1—5%. Þó mun sjaldnast reiknað meira en 1—2%, nema um litlar upphæðir og sérstaka fyrirhöfn sé að ræða, en þar sem stefnandi stundar ekki málflutning sem aðalstarf, er ósennilegt, að formaður stefndu eða félagsmenn hafi vitað um gjaldskrá þessa eða að stefnandi var félagsmaður í M. F. Í. Verður því ekki beint upp úr gjaldskránni lagt. Virðist því næst að miða við þóknun þá, sem ríkis- og bæjarsjóður hafa á þessu ári greitt málflutningsmönnum og öðrum fyrir sölu skuldabréfa, en það er ¼%.

Verður þá upphæðin, sem stefnandi þykir eiga tilkall til ¼% af kr. 655500.00 — eða krónur 1638.75. Þá ber og að dæma stefndu til þess að greiða 5% ársvexti af upphæðinni frá 11. ágúst þ. á. til þess er greitt verður, og rétt þykir, að upp í málkostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminn hefur Th. B. Lindal kveðið upp sem setudómari.

Því dæmist rétt vera:

Stefnt, Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Adolph Bergssyni, kr. 1638.75 ásamt 5% ársvöxtum

frá 11. ágúst 1941 til þess er greitt verður og upp í málskostnað kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1941.

Nr. 67/1941. Bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigfúsi Baldvinssyni (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jón Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. ágúst þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og framkvæmd lögtaksins leyfð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurður fógetaréttarins verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það hefur ekki komið upp í málinu, að atvinnurekstur stefnda á Siglufirði, sem eingöngu er sildarsöltun og sildarsala, sé annar eða meiri en átt er við í c-lið 9. gr. útsvarslaga nr. 106 frá 1936. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sigfúsi Baldvinssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.